

Reykjavík, 11. nóvember 2021

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Skrifstofa landgæða

Efni: Umögn Samorku um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.  
Samráðsgáttarmál nr. 184/2021.

Þegar frumvarp til nýrra landgræðslulaga komu fram veitti Samorka umsögn um frumvarpið og tók þar undir mikilvægi endurskoðunar þeirra. Var þar sérstaklega vikið að mikilvægi vatnsverndar og -gæða enda um að ræða mikilvægustu auðlind landsmanna.

Áréttað var að mörg af aðildarfélögum Samorku hafa í gegnum árin lagt hönd á plóginn í landgræðslu í tengslum við framkvæmdir sínar í orkunýtingu, flutningi- og dreifingu og annarri veitustarfsemi og því jákvætt að sérstaklega var nefnt að almenningur og hagsmunaaðilar taki þátt í eflingu vistkerfa landsins.

Landgræðsla og ábyrg landnýting hefur mikla þýðingu fyrir vatnsbúskap landssvæða og þar með möguleika til vatnsnýtingar í þágu vatnsveitna og þar með íbúa landsins. Jarðvegur og öflugar jarðvegsþekjur skipta sköpum fyrir grunnvatnsstöðu og þar með möguleika til að nýta náttúrulegar uppsprettulindir eða með borun á holum niður í grunnvatnið og/eða grunnvatnsstrauma.

Eins og áður segir er öllum ljóst að hreint vatn er okkar mikilvægasta auðlind og því mikilvægt að við allar mannlegar athafnir séu vatnsverndarhagsmunir teknar fram fyrir alla aðra hagsmuni. Oft skorti verulega á skilning á þessu. Það er því jákvætt að þessum mikilvægu hagsmunum er veitt mikið vægi í þeim drögum að reglugerð sem hér liggja fyrir.

Vatnsveitur sveitarfélaga þjóna stærstum hluta landsmanna og þá oftast í þéttbýli en einnig eru fjölmargar vatnsveitur í eigu jarðeigenda, sumarhúsafélaga, ferðaþjónustu-

aðila o.s.frv. í dreifbýli. Vatnstöku svæði geta því verið víða um land og aðstæður margvíslegar.

Landnýtingu í þágu landsbúnaðar og endurheimt landgæða með landgræðslu fylgir jafnan áburðargjöf, hvort sem er tilbúinn eða lífrænn, og því mikilvægt að huga vel að aðstæðum á hverjum stað og taka þá sérstaklega mið af vatnsverndarsvæðum og vatnstökustöðum. Sömuleiðis að meta hvort afrennsli af nytjalandi eða uppgræðslulandi geti átt greiða leið inn á vatnasvið vatnsverndar- og vatnstökusvæða.

Að þessum álagsþáttum er sérstaklega vikið í reglugerðardrögunum og gerðar kröfur vegna þeirra þá er einnig tilvísanir til reglugerðar um varnir gegn mengun vatns sem einnig er mjög mikilvæg.

Um leið og SAMORKA þakkar þetta tækifæri til þess að koma að umsögn um málið þá lýsum við yfir áhuga til frekara samstarfs um ofangreinda þætti og minnum á umfjöllun um þá í tengslum við vatnaáætlun fyrir Ísland.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

**Virðingarfyllt,**

**f.h. Samorku – samtaka orku- og veitufyrirtækja**

*Baldur Dýrfjörð lögfræðingur*